

Einn bita í einu ef borða skal fíl

Ljósvakinn

Fjórir riddarar heimsendis heita Hungursneyð, Dauði, Drepsóttir og Stríð, segir í Opinberunarbókinni. Svo segja menn fimmta riddarann vera manninn, sem sé hættulegastur þeirra allra.

Þetta kom mér í hug þegar ég horfði á miðvikudagskvöldið á myndina Nobelity í Sjónvarpinu. Tímabær mynd fyrir okkur jarðarstrútana sem gröfum hausinn á kaf í sand andvaraleysis.

Turk Pipkin gerði myndina sem byggist á viðtölum við níu nóbelsverðlaunahafa um ástand jarðarinnar og afkomumöguleika ört stækkandi mannkyns nú og í framtíðinni. Myndin er frá árinu 2005 og hefur sópað að sér verðlaunum.

Í myndinni segir m.a. Ahmed Zewail okkur þurfa meiri þekkingu á því sem við eigum sameiginlegt, en því sem ólíkt sé og að byggja þurfi brýr milli fólks, þjóða og menningarheima. Wangari Maathai bendir á að auðlindastjórnun sé leið til friðar. Og Amartya Sen segir hagfræði framtíðarinnar að uppræta varnarleysið sem hlýst af fátækt.

Nobelity er áhrifarík, á köflum stórskrítin, en fyrst og fremst einlægt innlegg í vitundarvakningu mannkyns um að tími til aðgerða er núna, ekki í fjarlægri framtíð.

Steinunn Ásmundsdóttir

